



Húnaþing vestra
Pósthólf 22
530 Hvammstanga

Dagsetning 11.3.2026
Málsnúmer IRN25120096

Tillaga sveitarstjórnar um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta fiskveiðiárið 2025/2026

Vísað er til erindis sveitarstjórnar, dags. 12. febrúar sl., þar sem lagðar eru fram tillögur að sérstökum skilyrðum vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir Hvammstanga á fiskveiðiárinu 2025/2026, á grundvelli 5. og/eða 7. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 3. gr. reglugerðar nr. 1334/2025, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2025/2026.

Tillaga sveitarstjórnar var birt á vef ráðuneytisins í samræmi við 3. gr. reglugerðarinnar og gafst kostur á að gera athugasemdir. Að lokinni kynningu og yfirferð fyrirbyggjandi gagna hefur ráðuneytið tekið tillöguna til efnislegrar meðferðar.

Við mat sitt hefur ráðuneytið litið til framkomins rökstuðnings sveitarstjórnar, fyrirbyggjandi gagna og aðstæðna í viðkomandi byggðarlögum. Að teknu tilliti til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í tillögunni **fellst ráðuneytið á framlagðar tillögur að sérstökum skilyrðum vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2025/2026.**

Ráðuneytið telur þá útfærslu, með hliðsjón af aðstæðum í sveitarfélaginu, samræmast markmiðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og þeim málefnalegu og staðbundnu ástæðum sem tilgreindar eru í erindi sveitarstjórnar.

Ráðuneytið leggur áherslu á að sérreglur séu byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og samræmist hagsmunum viðkomandi byggðarlags, sbr. framangreind lagaákvæði. Hver tillaga er metin sjálfstætt með hliðsjón af aðstæðum á hverju fiskveiðiári.

Auglýsing um sérreglur fyrir Hvammstanga, eftir því sem við á, verður send Stjórnartíðindum til birtingar á næstu dögum. Að birtingu lokinni verður Fiskistofu falið að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í samræmi við gildandi reglur og staðfestar sérreglur.

Fyrir hönd ráðherra,


Aðalsteinn Þorsteinsson


Leifur Arnkell Skarphéðinsson